

dags.

Efni: Tilkynning um nýtt vinnufyrirkomulag og launamyndunarkerfi í vaktavinnu 1. maí 2021

Þann 1. maí 2021 tekur nýtt vinnufyrirkomulag og launamyndunarkerfi í vaktavinnu gildi samkvæmt samkomulagi um útfærslu vinnutíma vaktavinnufólks á opinberum vinnumarkaði, sbr. fylgiskjal 2 í kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðsemjenda. Framangreint felur jafnframt í sér að eldra kerfi fellur úr gildi.

Nýtt vaktavinnukerfi felur í sér breytingar á vinnufyrirkomulagi og launamyndunarkerfi í vaktavinnu og mun með einum eða öðrum hætti leiða til breytinga á vaktskrá starfsfólks og hafa áhrif á vaktir/vaktabyrði einstakra starfsmanna.

Tilgangur breytinganna er að bæta starfsumhverfi starfsfólks og stjórnenda og mæta þannig ákalli um betra skipulag vinnutíma. Helstu breytingar eru að vinnuvika starfsmanns í fullu starfi styttest úr 40 í 36 virkar stundir og launamyndun vaktavinnufólks tekur mið af fleiri þáttum en áður; vaktaálagflokki fylgjar og vægi vinnustunda verður metið eftir áhrifum á heilsu og öryggi starfsfólks, sem getur leitt til aukinnar styttingar vinnutíma. Sérstakur vaktahvati verður greiddur sem tekur mið af fjölbreytileika og fjölda vakta.

Í kjarasamningum er mælt fyrir um að þar sem unnið er á reglubundnum vöktum skuli leggja fram drög að vaktskrá, sem sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, sex vikum áður en hún tekur gildi og skal endanleg vaktskrá liggja fyrir mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmann um skemmri frest.

---

undirritun stjórnanda

Mótttekið, dags. \_\_\_\_\_

---

undirritun starfsmanns